Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

93. stjórnarfundur		
	Dagsetning	22.5.2025
	Tími	16:00
	Fundi lauk	17:10
	Staðsetning	Flugvellir 33

Stjórnarmenn boðaðir:
Trausti Arngrímsson, Guðný Birna, Sigursveinn Bjarni Jónsson, Birgir Örn Ólafsson, Helga Jóhanna Oddsdóttir, og Eyþór Rúnar Þórarinsson slökkviliðsstjóri.
Forföll:

Dagskrá fundar

1. Skýrsla slökkviliðsstjóra 1
2. Staða fjármála 2
3. Viðbragðstímamælingar slökkviliðs 2
4. Greiðslur vegna sjúkraflutningar 2
5. Önnur mál 3

Fundagerð

1. Skýrsla slökkviliðsstjóra

Slökkvilið

- **Heildarfjöldi útkalla**:
  - April 2025: 17 útköll
  - April 2024: 22 útköll
- **Skipting útkalla eftir forgangi**:
  - **F-1**: 2 útköll
  - **F-2**: 6 útköll
  - **F-3 og F-4**: 9 útköll

Sjúkraflutningar

- **Heildarfjöldi útkalla**:
  - april 2025: 295 útköll
  - april 2024: 340 útköll
- **Skipting útkalla eftir forgangi**:
  - **F-1**: 44 útköll
  - **F-2**: 42 útköll
  - **F-3**: 136 útköll
  - **F-4**: 73 útköll

Kjarasamningar

Vinnu við að endurreikna kjarauppbót starfsmanna er lokið og búið að greiða út. Reikna þurfti afturvirkt til 1 april 2024. Búið er að reikna gróflega hækkun starfsmanna og má reikna með að samningar hafi hækkað um 14 % frá 1 april 2024. ATH þetta er launahækkun 2024 og svo 2025.

Fundir með sveitarfélögum

Slökkviliðsstjóri hefur sótt fundi hjá bæjarstjórnum til að kynna starfsemi Brunavarna Suðurnesja og ársreikninga BS. Búið er að funda með Reykjanesbæ og Vogum. Fundur með Suðurnesjabæ er fyrirhugaður 4 júní.

Kaup á krókheysisbíl

Útboði er lokið vegna kaups á krókheysisbíl. Eitt tilboð barst frá Kletti. Kaupverð var 35.875000 án vsk. Vinna er í ganga að semja við Klett sem buðu einir í bílinn.

Brunavarnaráætlun og samningur við sjúkratryggingar

Vinna við Brunavarnaráætlun er samkvæmt tímaplani. Vinna við áhættumat er á lokametrunum og þeirri vinnu ætti að ljúka viku af júní. Hefst þá fínvinna við ýmis atriði yfir sumarið áður lokavinna hefst.

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) hafa svarað ósk um fund vegna gerð nýs samning um sjúkraflutninga á Suðurnesjum. Reiknað er með fundi í júní með Sí en á meðan er unnið í gagnaöflun og undirbúning fyrir fund.

Staða Slökkvivatns hjá sveitarfélögum,

Beiðni kom til allra sveitarfélaga á landinu að skila inn gögnum til HMS um stöðu vatnsveitu/brunahönum hjá öllum sveitarfélögum á landinu ásamt veituþrýstingi. Samrit var send á alla slökkviliðsstjóra á landinu og viðkomandi aðilar beðnir um að hafa ábyrgð og umsjón með verkefni. Búið er að funda einu sinni með sveitarfélögum og HS Veitum um þessi mál og er vinna að hefjast hjá öllum. Eldvarnareftirlit BS hefur tekið viðkomandi verkefni að sér.

2. Staða fjármála

Staða fjármála er góð.

3. Viðbragðstímamælingar slökkviliðs

Slökkviliðsstjóri fór yfir og kynnti úttekt á viðbragðstíma slökkviliðs til sveitarfélaga á svæðinu og hverfa.

4. Greiðslur vegna sjúkraflutningar

Slökkviliðsstjóri kynnti fyrir stjórn stöðu greiðslna vegna sjúkraflutninga

5. Önnur mál

Rætt um gildandi samstarfsamning við Landhelgisgæsluna.

Samtal í gangi milli BS og ISAVIA um aukið samstarf